**Upplýsingar um sölu frumlyfja og eftirlíkingalyfja og söluþróun á liðnum árum**
Fróðlegt er að skoða hvernig þróunin hefur verið í samsetningu lyfjasölunnar undanfarin ár hvað varðar frumlyf og eftirlíkingalyf. Eftirfarandi er samantekt skrifstofu lyfjamála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir síðustu 13 ár. Heildarsölunni er skipt í 3 flokka, 1) frumlyf, sem ekki hafa neina samkeppni af eftirlíkingalyfjum, 2)frumlyf, sem hafa fengið einhverja samkeppni af eftirlíkingalyfjum og 3) frumlyf sem enga samkeppni hafa fengið. Línurnar fylgjast nokkuð stöðugt að, bæði hvað varðar magn og kostnað. Greinilegt er þó á síðustu 3 árum, að kostnaður vegna frumlyfja án eftirlíkinga vex mun hraðar en kostnaður hinna flokkanna.




